

Nr. 12.
25.
maí.

Auglýsing

um

50, 10 og 5 króna seðla þá, er stjórnin gefur út fyrir landssjóð Íslands
samkvæmt lögum um stofnun landsbanka 18. septbr. f. á.

Með allrahæstum úrskurði 20. þ. m. hefur hans hátign konunginum þóknast allramildilegast að ákveða, að 50, 10 og 5 króna seðlar þeir, er stjórnin gefur út fyrir landssjóð Íslands samkvæmt lögum um stofnun landsbanka 18. septbr. f. á. 3. gr. skuli gjörðir eptir fyrirmyndum þeim, er stjórnarráð Íslands hefur borið upp fyrir konungi, og líta svo út:

Bókstafirnir I. L. eru vatnsmerktir í pappírinn, er seðlarnir eru prentaðir á. Á báðum minni hliðum hvers seðils er pappírsröndin óskorin og brúin því ójöfn. Framan á hverjum seðli vinstramegin er brjóstmynd hans hátignar konungsins; þar er og prentað með svörtu letri á íslenzku gildi seðlanna, og er talan tilfærð með bókstöfum. Fyrir neðan standa með svörtu letri orðin:

Gefinn út samkvæmt lögum 18. septbr. 1885.

Fyrir landssjóð Íslands

og hjer ritar landshöfðinginn yfir Íslandi nafn sitt undir. Einn af Embættismönnum bankans ritar og nafn sitt á hvern seðil. Talan, sem sýnir gildi hvers seðils, er prentuð efst á honum og í hornum hægramegin. Líturinn á þessum tölum og á ýmsu skrauti, er á seðlunum finnst, svo og grunnlítur seðlanna er brúnn á 50 króna seðlunum, blár á 10 króna seðlunum og grár á 5 króna seðlunum. Aptan á 10 og 5 króna seðlana er ekkert prentað; en aptan á 50 króna seðlunum er kvenmannsmynd og talan 50 prentuð til beggja hliða innan í skrautgjörð. Á hverjum seðli er loks sett raðartala hans á tveim stöðum.

Þetta birtist hjermeð öllum til leiðbeiningar.

Í stjórnarráði Íslands 25. maí 1886.

J. Nellesmann.

A. Dybdal.

Bekjendtgjørelse

Nr. 12.
25de
Maj.

angaaende

Sedler, lydende paa 50, 10 og 5 Kroner, som af Regjeringen paa Islands Landskassens Begne udstedes i Henhold til Lov om Oprettelsen af en Landsbank af 18de Septbr. f. A.

Med allerhøjeste Resolution af 20de d. M. har det behaget Hans Majestæt Kongen allernaadigt at bestemme, at de Sedler, lydende paa 50, 10 og 5 Kroner, der i Henhold til Lov om Oprettelsen af en Landsbank af 18de September f. A. § 3 ville være at udstede af Regjeringen paa den islandste Landskassens Begne, overensstemmende med de Allerhøjstsamme af Ministeriet for Island allerunderdanigst forelagte Prøveaftryk, ville være at indrette saaledes:

Sedlerne trykkes paa et Papir, hvori er anbragt i Vandmærkte Bogstaverne I. L. De to Sider af den mindste Udstrækning ere ubeskaarne, saa at Papiret paa disse Sider fremtræder med en ru Kant. Silvenstre paa Forsiden er anbragt Hans Majestæt Kongens Brystbillede. Paa Forsiden er derhos i det islandste Sprog med fort Tryk angivet Sedlens Værdi med Tallet udtrykt i Bogstaver, og derunder findes, ligeledes i fort Tryk, Ordene:

Gefinn út samkvæmt lögum 18. septbr. 1885.

Fyrir landssjóð Islands

hvilken Text underskrives af Landshøvdingen over Island, hvorhos en af Bankens Embedsmænd paategner Sedlen sit Navn. Foroven paa Sedlerne og tilhøjre paa samme er trykt Tallet paa de Kroner, Sedlen lyder paa, hvilke Tal saavel som forskjellige Forsiringer og Sedlernes Undergrund ere trykte paa 50 Kronefedlerne med brun, paa 10 Kronefedlerne med blaa og paa 5 Kronefedlerne med graa Farve. Paa Bagsiden af 10 Kronefedlerne og 5 Kronefedlerne findes Tintet trykt, hvorimod der paa Bagsiden af 50 Kronefedlerne er anbragt en kvindelig Figur, paa de to Sider af hvilken Tallet 50 med en Randforsiring er trykt. Enhver Seddel er endelig forsynet med et paa to Steder af Sedlen anbragt Løbenummer.

Dette kundgjøres herved til almindelig Efterretning.

Ministeriet for Island, den 25de Maj 1886.

J. Nellesmann.

A. Dybdal.